



Fréttabréf heimsforeldra  
Haust 2007

# HEIMSFÖRELDRAR SKIPTA SKÖPUM Í LÍFI BARNNA



## Kæra heimsforeldri,

Þrjú og hálf tón ári eru liðin síðan heimsforeldraátak Barnahjálparinnar hófst hér á landi. Sum ykkar hafa því verið með okkur og stutt börn um allan heim í yfir þrjú ár! Heimsforeldrahópurinn hefur vaxið hratt og örugglega á þessum árum og er það sönn ánægja að segja frá því að nú eru rúm 4% þjóðarinnar heimsforeldrar.

Á síðasta ári sófnuðu heimsforeldrar 86 milljónum sem voru send til verkefna víða um heim. Samkvæmt hálfársuppgjöri á þessu ári höfum við safnað sömu upphæð á aðeins hálfu ári. Það er því ljóst að framlög heimsforeldra munu a.m.k. tvöfaldast á þessu ári miðað við í fyrra.

Um leið og hvert framlag skiptir miklu máli, er skuldbinding ykkar líka mjög mikilvæg. Við viljum líta á heimsforeldrahlutverkið svipað venjulegu foreldrahlutverki því öll börn hafa jú sömu þarfir og grundvallarréttindi. Sem heimsforeldri veitir þú börnum um allan heim þessi réttindi eða eins og segir í kjörorðum UNICEF: Tryggjum hverju barni heilsuvernd, menntun, jafnrétti, umhyggju.

Það er annað áhugavert við þessi kjörorð ... við viljum tryggja hverju barni þessi réttindi. Það eru býsna mörg börn, en UNICEF eru líka stærstu barnahjálparstjórnir í heimi og með hjálparstarf sem teygir anga sína til 156 landa. Við erum að hjálpa mörgum börnum, en þörfin er líka mikil. Þess vegna þurfum við fleiri heimsforeldra eins og þig.

Á baksíðu þessa fréttabréfs má sjá á myndrænan hátt fjölda heimsforeldra eftir búsetu. Við hvetjum alla heimsforeldra til að fá vini og vandamenn til liðs við okkur. Keppið við næsta sveitafélag um fjölda heimsforeldra! Oft þarf ekki nema smá hvatningu. Hægt er að skrá sig á vefsíðu okkar [www.unicef.is](http://www.unicef.is) eða hringja í síma 5 62 62 62. Þú getur líka hækkað framlagið með einu samtali.

Við höldum líka áfram að kynnast heimsforeldrum og spyrja þá nokkurra lauflettra spurninga. Að þessu sinni voru það Dagur B. Eggertsson og Sigríður Antonsdóttir sem sátu fyrir svörum. Við þökkum þeim og öllum heimsforeldrum kærlega fyrir stuðninginn.

Að lokum bendi ég á bæklinginn um jólakort og gjafavörur okkar sem fylgir þessu fréttabréfi. Við hvetjum þig til að kíkja á bæklinginn og kynna þér úrvalið. Allir eru velkomnir í búðina okkar að Laugavegi 42 í desember.

## Kær kveðja,

Stefán Ingi Stefánsson,  
framkvæmdastjóri UNICEF Ísland.



## Dagur B. Eggertsson læknir og borgarstjóri

### 1. Starf og áhugamál þín?

Ég er læknir og borgarstjóri, uppgjafaævi-sagnaritari og íþróttamaður og kenni lýðheilsu við Háskólann í Reykjavík. Síðast en ekki síst er ég eiginmaður og faðir tveggja yndislegra barna, Ragnheiðar Huldu og Steinars Gauta, auk heims-barna auðvitað.

### 2. Hvað dreymdi þig um að verða þegar þú varst lítil?

Mig dreymdi um að vera lágvaxinn, stæltur og með breiðan háls. Ég var sem sagt búinn að útbúa viðbrögð við þeirri válegu staðreynd sem ég taldi mig standa frammi fyrir að ég yrði alltaf langminnstur, einsog ég var jafnan miðað við jafnaldra.

### 3. Hvers vegna ertu heimsforeldri?

Við Arna kona mín ákváðum að styrkja börn í gegnum ABC barnahjálpar eftir að við byrjuðum að fá laun sem læknar og höfum styrkt þrjú börn síðan. Þegar heimsforeldra-verkefnið kom til þarfnaðist það því lítillar umhugsunar að taka þátt í því líka.

### 4. Ef þú gætir, hverju myndir þú breyta í heiminum?

Ég held að allir eigi að reyna að leggja sitt af mörkum til að breyta heiminum til hins betra. Og byrja heima hjá sér. Ég reyni mitt besta í gegnum pólitíkina og þátttöku í alþjóðlegu forvarnarverkefni þar sem við styðjum evrópskar borgir í Austur- og Vestur-Evrópu til að glíma við ofneyslu fíkniefna, áfengis og tóbaks meðal unglunga. Börnin og aðbúnaður þeirra eru undirstaða alls sem á eftir kemur.



## Sigríður Antonsdóttir hjúkrunarfræðingur

### 1. Starf og áhugamál þín?

Starf mitt er hjúkrunarfræðingur. Áhugamál eru fjölskylda mín, gróður, ræktun, skordýr, útivist, íslenskt mál, tónlist, ferðalög og fræðibækur.

### 2. Hvað dreymdi þig um að verða þegar þú varst lítil?

Ég ólst upp við erfiðar aðstæður og dreymdi fátt, en markmiðið var fyrst og fremst að geta séð um mig sjálf.

### 3. Hvers vegna ertu heimsforeldri?

Það snertir sálina að skynja þær hörmungar sem börn líða og eftir að hafa gengið mikla þrautagöngu við að berjast fyrir velferð barns hér á Íslandi er það svolítið smyrsl í sárin að geta lagt lið því málefni að koma börnum til einhvers þroska, hvar sem þau eru.

### 4. Ef þú gætir, hverju myndir þú breyta í heiminum?

Breyta forgangsroðun og verðmætamati Íslendinga og íslenskra stjórnvalda. Skapa sátt og jafnræði milli manna og þjóða. Hjálpa fólki sem lifir við fátækt og fáfræði til sjálfsbjargar og sjálfsvirðingar og að allir, einkum börn, eigi kost á menntun og geti eftir þá menningu sem þeir aðhyllast og gefur lífsfyllingu. Útrýma eiturlyfjum og hernaði.




## Hraðnámi í Líberíu

Það er ekki ákjósanlegt að hraða grunnnámi úr 6 árum í 3 ár, en það er hins vegar eitt af því sem UNICEF hefur gert í Líberíu. Ástæðan er þó ærin ... að gera þeim fjölmörgu börnum sem misst hafa úr skóla vegna átaka í landinu kleift að setjast aftur á skólabekk og ljúka grunnnámi.

Enn þann dag í dag þjást börn í Líberíu vegna borgarastríðs sem stóð yfir í 14 ár. Um 800 þúsund íbúar flúðu heimili sín og innviðir samfélagsins urðu að engu. Dánartíðni líberískra barna er ein sú hæsta í heimi og talið er að 75% kvenna og stúlkna hafi orðið fyrir kynferðisofbeldi.

UNICEF hefur áorkað miklu á síðustu árum. Auk þess eru miklar vonir bundnar við forseta landsins, Ellen Johnson-Sirleaf, sem tók við embætti í janúar 2006, fyrst kvenna í Afríku.

**Stuðningur þinn skiptir máli:** Um 100 þúsund börn, konur og karlar hafa gengið í gegnum afvopnunarferli og endurhæfingu og 75 þúsund hafa hlotið sérstakan stuðning við að aðlagast samfélaginu á nýjan leik. Börn eru komin aftur í skóla og bólusetningarátak hefur náð til nær allra barna í landinu. UNICEF og samstarfsaðilar halda úti heilsugæsluverkefnum, veita næringu og vernd gegn ofbeldi, misnotkun, HIV/alnæmi og öðrum sjúkdómum.



Moses Faya, 12 ára, og Patrick Tamba, 10 ára, læra saman í Kobelema skólanum sem hefur sameinað 6 ára grunnnám í 3 ár. Þannig er hægt að bæta börnum, eins og Moses og Patrick, upp þau ár sem þau misstu úr námi vegna átaka. UNICEF veitir skólanum skólagögn, vatn og hreinlætisaðstöðu og þjálfar kennara.



Börn snæða mat fyrir utan Kobelema skólann í Lofa-hér-aði í Líberíu.

## Enginn endir á átökum í Afganistan

Stríð og ofbeldi hefur einkennt líf barna í Afganistan í áratugi. Stöðugur og langvarandi ótti hefur slæm áhrif á sálarlíf barna og því hefur UNICEF lagt áherslu á að veita börnum vernd og öryggi. Í dag eru yfir 60 þúsund börn heimilislaus vegna átaka í landinu og talið er að 20-30% barna verði að vinna til að hjálpa fjölskyldum sínum.

Ef lítið er til þjóðartekna, dánartíðni barna, lífslíka, vannæringar eða dánartíðni kvenna við fæðingu er Afganistan alls staðar á botninum. Á árunum 2002-2005 tókst UNICEF með undraverðum hætti að koma öllum börnum í Afganistan aftur í skóla. Því miður hefur ofbeldið og óttinn í landinu hamlað framgangi þessa verkennis mjög í seinni tíð.

**Stuðningur þinn skiptir máli:** UNICEF ætlar að auka skólasókn barna, sér í lagi stúlkna og tryggja að þær detti ekki úr námi. Auk þess verður lögð áhersla á að auka gæði námsins. Áætlun hefur verið sett af stað til að draga úr dánartíðni barna undir 5 ára, veita börnum næringu og veita þunguðum konum heilsugæslu.

Zarina, 12 ára, missti systur sína Shukriu síðastliðið sumar. Hún var skotin til bana fyrir utan skólann sinn, aðeins 13 ára gömlu, og dó í örmum Zarminu. Þetta var fjórða árásin sem gerð var á skólann þeirra, en Zarmina er samt ákveðin í að ljúka námi. Um leið og UNICEF reynir að vernda börn er mikilvægt að þau haldi áfram að læra. Í skólanum fá þau stuðning og hvatningu til að brjótast úr víthring fátæktar. Börn eru framtíð þessa lands og menntun er besta leiðin til valdeflingar.



© UNICEF/Rich

Rahmatuallah, 14 ára, heldur utan um hækur sínar í endurhæfingarmiðstöð í Kandahar sem styrkt er af UNICEF og heimsforeldrum. Faðir hans lést í stríðinu og fjölskyldan hefur þurft að flylja heimili sitt. Rahmatuallah steig á jarðsprengju og missti annan fótinn. Hann kemur til miðstöðvarinnar á hverjum degi með því að sitja á bögglabera á hjóli bróður síns. „Ég elska að koma hingað,“ segir Rahmatuallah. „Ef ég fæ nýjan fót get ég aftur hjálpað fjölskyldu minni.“ Um 3000 börn, þ. á. m. fyrrum barnaher-menn, sækja slíkar miðstöðvar um allt land og fá þar verklega þjálfun og sálræna hjálpu.



© UNICEF/Rich

# HEIMSFÖRELDRAR – HÉR OG ÞAR OG ALLSSTAÐAR!

Á þessu Íslandskorti má sjá fjölda heimsforeldra í hverjum landshluta og í einstaka byggðarlögum. Til að sýna rétta mynd af fjölda heimsforeldra má sjá hlutfall heimsforeldra miðað við íbúatölu. Þá má sjá að þó svo flestir heimsforeldrar búi á höfuðborgarsvæðinu eru hlutfallslega fleiri Borgnesingar skráðir sem heimsforeldrar. Einnig er gaman að sjá hversu stórt hlutfall íbúa Hellu, Grímseyjar, Seltjarnarness og fleiri staða styrkja verkefni UNICEF.

Með sameiginlegu átaki getum við skráð enn fleiri heimsforeldra. Reyndið að keppa við næsta bæjarfélag um fjölda heimsforeldra, hvetjið vini og vandamenn til að skrá sig og breytum lífi enn fleiri barna sem eiga um sárt að binda.

